



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA UM BREYTINGAR Á LEYFISBRÉFUM

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 hvetur stjórn og samninganefnd FG til að standa vörð um leyfisbréf til kennslu á grunnskólastigi.

Nauðsynlegt er að tryggja eðlilegt flæði kennara milli skólastiga á þann hátt að hver kennari fái að njóta sín til fulls.

Í 21 gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik- og grunnskóla og í framhaldsskólalögum er fjallað um heimild til kennslu á aðliggjandi skólastigum en ekki skýrt frekar hver sú heimild er.

Aðalfundur FG telur mjög mikilvægt að þeir sem hafa menntað sig til starfa á ákveðnu skólastigi og fengið leyfisbréf njóti alltaf forgangs til starfa. Það gildi einnig þegar um er að ræða heimild aðila með leyfisbréf af öðru skólastigi en grunnskóla.

Ef enginn umsækjandi með leyfisbréf í grunnskóla sækir um auglýsta stöðu í grunnskóla, er eðlilegt að horft sé fyrst til þeirra umsækjenda sem hafa heimild til kennslu í grunnskóla en eru með leyfisbréf á öðru skólastigi. Verði þeir ráðnir hljóti þeir sömu kjör og réttindi og þeir sem hafa leyfisbréf í grunnskóla.